

PTI ehf.
Kjarrhlma 8
200 Kópavogur

Reykjavík 11. febrúar 2016
UST201601-197/B.S
09.06.01

Efni: Sérstakt leyfi til að aka utan vega vegna kvíkmyndagerðar – Ölfusárós

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi PTI ehf. dags. 26. 01. 2016, vegna beiðni um sérstakt leyfi um heimild til aksturs utan vega vestan við Óseyrarbrú vegna töku auglýsingamynnda.

Lýsing framkvæmdar: er að aka átta bílum í flæðarmáli neðan við veitingastaðinn Hafið Bláa.

Áhrifamat:

Nærrí þeim stað sem ráðgert er að mynda hefur efnistaka verið stunduð til margra ára. Brimrót er algengt á þessum stað og munu því ummerki um akstur að líkindum hverfa fljótt.

Bent skal á að akstur utan vega er almennt óheimill, nema skv. undantekningum og leyfum 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Skilyrði

Umhverfisstofnun veitir umbeðið leyfi til aksturs utan vegar vestan Óseyrarbrúar með eftirtöldum skilyrðum:


- Ekið verði niður að flæðarmáli eftir slóð sem er vestan við Óseyrarbrú.
- Eingöngu verði ekið um flæðasvæði fjörunnar.
- Til að koma í veg fyrir að auglýsingin hvetji til utanvegaaksturs á fer Umhverfisstofnun fram á að í auglýsingunni verði þess getið að akstur utan vega sé óheimill á Íslandi nema sérstök heimild eða leyfi komi til.

Eftirlit


Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar nr. 535/2015, kr. 11.900 pr. klst.

Athygli er vakin á því að ákvarðanir Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd eru kæranlegar, í þessu tilviki til umhverfis- og auðlindaráðherra sbr. 2. mgr. 91. gr. laganna.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústs Þórssdóttir
Sviðsstjóri


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri